

Nd.

217. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 38, 14. júní 1929 [Ritsíma- og talsímakerfi].

Flutningsm.: Pétur Ottesen.

Aftan við 1. gr. laganna bætist:

- a. Lína frá Stóra-Ási að Húsafelli.
- b. Lína frá Þyrli að Stóra-Botni.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, er mikil bílaumferð um Kaldadal á sumrin. Leið þessi er um 67 km. milli byggða, og er Húsafell næsti bær við Kaldadal að norðan og viðkomustaður flestra þeirra, er þessa leið fara. Það er því brýn nauðsyn vegfarendum, að sími verði lagður að Húsafelli. Bili bílar á þessari leið, svo að eigi verði að gert án þess að fá hjálp að, þá getur af því stafað hin mesta hættu, en með því að leggja síma að Húsafelli er mjög dregið úr þeirri hættu.

Um línuna frá Þyrli að Stóra-Botni er það að segja, að í ráði er, að lögð verði í sumar símalína frá Ferstiklu að Þyrli. Er lína sú, sem hér um ræðir, áframhald af þeirri línu í Botnsdalinn. Upp frá Stóra-Botni liggja tveir fjallvegir, annar yfir Botnsheiði í Skorradalinn framanverðan, en hinn um Leggja-brjót á Þingvöll. Er allmikil umferð um báðar þessar leiðir, þó einkum þá síðarnefndu.